Verndum við nemendur frá náminu? Um óvissu og hugrekki í háskólakennslu

Ef þjálfa á fólk í mikilvægri persónulegri og faglegri hæfni, eins og að bregðast við óvæntum atburðum, starfa í krefjandi teymisvinnu eða mæta flóknum áskorunum, er hefðbundna kennslustofan líklega ekki besti staðurinn. Þar er allt í röð og reglu á meðan náttúran ögrar skynfærunum og hlutverkunum á mun róttækari hátt.

Erindið byggir á fjórum rýnihópaviðtölum sem tekin voru vorið 2026 við tólf fyrrverandi nemendur námskeiðsins Ferðalög og útilíf, sem tóku þátt árin 2014, 2015 og 2017. Níu til tólf ár voru liðin frá þátttöku nemenda. Gögnin voru kóðuð og þemagreind. Rannsakendur voru jafnframt kennarar námskeiðsins og því er ekki útilokað að staða þeirra hafi haft áhrif á svör þátttakenda.

Niðurstöður benda til þess að krefjandi veður og félagslegar áskoranir, eins og sambúð í tjaldi með fólki sem þátttakendur þekktu ekki, feli í sér rík námstækifæri sem lifa lengi. Þátttakendur lýstu seiglu, hagnýtu verkviti og þeirri trú að þeir geti meira en þeir halda, og tengdu það beint við starfshætti sína í dag.

Í erindinu er sjónum beint að óvissunni sjálfri og þeirri kennslufræði sem hún byggir á. Hugmyndir um ævintýralegt nám leggja áherslu á fjóra þætti: raunveruleika, áhrifamátt, óvissu og tök. Evrópuráðið hefur jafnframt skilgreint óvissuþol sem einn af grunnþáttum lýðræðislegrar hæfni.

Togstreitan í þessari nálgun í kennslu snýr að kennurunum sjálfum. Sömu aðstæður og skapa námstækifærin vekja stundum hjá okkur ótta og þörf fyrir að vernda nemendur gegn óþægindum — og sú vernd getur hindrað einmitt þau tækifæri sem aðstæðurnar bjóða. Hlutverk kennara virðist ekki vera að fjarlægja óvissuna heldur að greina á milli þeirrar óvissu sem mótar og þeirrar sem einungis íþyngir. Ein helsta áskorun samtímans er að efla seiglu og leikni í að mæta óvissu. Skyldu bestu tækifærin til þess leynast í (ó)veðrinu?

Kær kveðja,

Jakob Frímann Þorsteinsson
Lektor við Menntavísindasvið
Doktor á sviði útimenntunar